

# Skýrsla 2010-2011

Skýrsla stjórnar SFA fyrir starfsárið 2010-2011

Ágætu félagar

Það voru haldnir 5 stjórnarfundir á starfsárinu. Mest notuðum við tölvupóst og síma til samskipta eins og svo oft áður.

Viðfangsefni stjórnar á þessu starfsári hafa aðallega verið eftirtalin verkefni:

1. Samningur við Póstinn um 7% afslátt á millisafnalánasendingum var endurnýjaður. Fjöldi sendinga gaf ekki tilefni til frekari afsláttar. Sendingarnar voru alls 400 og Bókasafn Reykjanesbæjar var með flestar sendingarnar, samtals 69, Akranes kom næst með 50.

2. Kennsla námskeiðs um almenningsbókasöfn í bókasafns- og upplýsingafræði við HÍ.

Borgarbókasafn var búið að taka vel í að taka að sér að sjá um þessa kennslu fyrir hönd samtakanna. Því miður gat ekki af því orðið þannig að málið er aftur komið á byrjunarreit.

Ef enn er áhugi fyrir hendi hjá félögum SFA um að koma að þessari kennslu þá er námskeiðslýsingin til og sennilega best að áhugasamir hafi samband beint við námsbrautina. Starfshópurinn okkar með Óskar Guðjónsson í broddi fylkingar og Borgarbókasafn og Anna Torfadóttir fá bestu þakkir fyrir vel unnin störf og mikla vinnu við skipulagningu námsins.

Þess má geta í framhaldi af þessu að Borgarbókasafn heldur enn vikunámskeið fyrir nema í bókasafns- og upplýsingafræðum annað hvert ár og nokkur almenningsbókasöfn taka nema í viku vettvangsnám skv. sérstökum samningi við námsbrautina, það voru t.d. tveir namar hjá okkur í Reykjanesbæ á þessari önn. Og svo hefur Pálína Magnúsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Seltjarnarness, komið inn í námskeið hjá Ágústu Pálsdóttur með fræðslu um almenningsbókasöfn.

3. Kynningarmálin voru á dagskrá. Samtökin tóku þátt í skipulagningu og kostnaði við Bókasafnsdaginn með tilnefningu fulltrúa í starfshóp og styrkveitingu. Einnig veit ég að mörg almenningsbókasöfn lögðu til fjármagn í verkefnið. Eftir því sem ég best veit þá tókst þetta verkefni mjög vel og á Upplýsing hrós skilið fyrir framkvæmd þess.

Haldið áfram að vinna við tillögu Kynningarnefndar um sameiginlegan vef fyrir bókasöfn, bokasafn.is og áttum stjórn m.a. fundi með landsbókaverði og framkvæmdastjóra Landskerfis um málið. Í dag er staða þess máls sú að starfshópur á vegum SFA er að vinna með Landskerfi að kanna hvort hægt sé að tengja þessa hugmynd við PRIMO því okkur finnst þessi hugmynd passa vel við hugmyndafræðina um eina gátt. Starfshópurinn gerir nánari grein fyrir málinu síðar á þessum fundi.

Stjórn minnti á almenningsbókasöfnin í tveim auglýsingum í einu tölublaði Spássíu sumarið 2010.

4. Niðurskurður á söfnum. Mikil umræða var á póstlistanum SKRUDDU um niðurskurð á bókasöfnum, sérstaklega skólasöfnum og góðar greinar birtust í dagblöðunum um málið.

Stjórn SFA kaus að taka ekki þátt í þeirri umræðu, við teljum það sterkara að það séu notendurnir sem kvarti en við sjálf. Okkar innlegg átti að vera grein um mikilvægi almenningsbókasafna ekki síst á krepputímum í Sveitarstjórnarmálum. Við töldum það bestu leiðina til að ná til stjórnmalamannanna sem stýra sveitarfélögnum okkar.

Greinin hefur ekki enn birst þrátt fyrir loforð þar um en það er ekki öll nótt úti enn. og fylgir greinin með í fundargögnum þessa fundar.

5. Vinna hélt áfram við vef samtakanna og er nú allt efni sem var á gamla vefnum komið inn á þann nýja. Vonandi vinnst tími til að setja meira af gömlu efni með haustinu.

Stjórn hefur haft að leiðarljósi að vefurinn er fyrst og fremst upplýsingavefur um starfsemi samtakanna en ekki fréttavefur.

6. Félagar frá SFA eru í ýmsum samstarfshópur, nefndum og ráðum.

Ekki eru þeir þó allir tilnefndir af SFA en algengt er að t.d. Upplýsing leiti til SFA um tilnefningar úr röðum almenningsbókavara.

Sigurður Vigfússon er í starfshópi um höfundarrétt.

Anna Torfadóttir er í stjórn Landsaðgangs

Pálína Magnúsdóttir sótti ráðstefnu í Belgíu í september 2010, Upplýsing leitaði til SFA um fulltrúa frá almenningsbókasöfnum.

Barbara Guðnadóttir í Ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna. Óskar Þór Þráinsson var tilnefndur til vara. Ráðuneytið leitaði til Upplýsingar um tilnefningu í nefndina og formaður Upplýsingar óskaði svo eftir tilnefningum frá SFA.

Málfríður Finnbogadóttir var í starfshópi um bókasafnsdaginn

Barbara Guðnadóttir, Margrét Ásgeirsdóttir og Margrét Sigurgeirsdóttir eru í starfshópi um bokasafn.is

Pálína Magnúsdóttir, Hólmkell Hreinsson og Sigurður Vigfússon eru í starfshópi um tónlist.

Fulltrúar þessara hópa gera nánari grein fyrir störfum sínum undir liðnum önnur mál á eftir.

7. Örstuttur haustfundur var haldinn á Landsfundi í Stykkishólmi s.l. haust, fundargerð fundarins er að finna á vef SFA.

8. Eitt af því sem þessi stjórn SFA ætlaði sér að gera á starfsárinu var að fara í gegnum gögn samtakanna og fá ýmis mál á hreint t.d. með tilnefningar í nefndir og leggja fram tillögur að vinnureglum s.s gjafir v/opnanir og afmæli safna en við höfum ekki komið því í verk og verðum að vísa því til næstu stjórnar.

9. Samtökin okkar, markmið og tilgangur.

Á síðasta vofundi stakk ég því að ykkur að hugsa um samtökin okkar, markmið þeirra og samstarf í gegnum árin fram að næsta fundi því þá þyrftum við að ræða málin og skerpa línur. Í fyrsta fundarboði á þennan vofund ítrekaði ég þetta og vitnaði í bréf frá 1998 sem Hólmkell sendi okkur á FINU þar sem hann spyr "hvað viljum við? saumaklúbb eða alvöru málsvara."

Í áðurnefndu fundarboði benti ég einnig á ýmis samstarfsverkefni okkar sem hafa ekki orðið að neinu. Ég vænti þess að það verði miklar og hreinskiptar umræður um þetta mál undir liðnum önnur mál hér á eftir.

Þar með lýkur skýrslu stjórnar.